



Nike og Adidas

Jón Bergmann Kjartansson (Anand Ransu) opnar málverkasýningu í galleri@hlemmur.is á morgun, 14. október klukkan 17:00. Jón Bergmann vinnur litrík málverk í anda minimalisma og popplistar. Að þessu sinni tekur hann formin Nike og Adidas og spilar þeim saman sem andstæðum og samstæðum sem hann stillir inn í sýningarrýmið.

Sýningin stendur til 5. nóvember og er opin vikulega á fimmtudögum til sunnudags frá klukkan 14:00-18:00.

**Heimsbókmenntakvöld**

Fimmtudaginn 12. október verður lesið úr völdum heimsbókmenntum á Súfistanum, bókakaffi í verslun Máls og menningar. Þar les Bjarni Jónsson úr þýðingu sinni á bókinni *Blikktromman* eftir Gunther Grass og Aðalsteinn Davíðsson les úr þýðingu sinni á bókinni *Sjó bræður* eftir Aleksis Kivi. Einnig les Þórarinn Eldjárn úr þýðingu sinni á bókinni *Ofurnæfur* eftir Erlend Loe og Friðrik Rafnsson les úr þýðingu sinni á bókinni *Fáfræðin* eftir Milan Kundera. Dagskráin hefst kl 20 og er aðgangur ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

Íslensk hönnun

Á íslensku hönnunarsýningunni MÓT sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum á morgun 14. október verður skyggst inn í hönnun 21. aldarinnar auk þess sem íslensk hönnun á síðustu öld verður skoðuð. Yfir 120 hlutir verða til sýnis eftir fjölmarga hönnuði og verður þar ýmislegt forvitnilegt að finna. Sýningarformið verður nýstárlegt og þarf sýningar-gesturinn sjálfur að raða saman og geta í eyðurnar.



Sýningin er skipulögð af FORM ÍSLAND samtökum hönnuða og er liður í Reykjavík menningarborg árið 2000. Samstarfsaðilar FORM-ÍSLAND eru Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaðir og nýstofnað Hönnunarsafn. Sýningin stendur til 12. nóvember.

ÞAD ER KOMIN HELGI**Hvað ætlar þú að gera?**

Elin Málmfríður Magnúsdóttir.

Kíkir á ball í Breiðinni

Nú er miðannarfrí í skólanum hér á Akranesi svo við fáum frí bæði í dag og á mánudag. Í dag verð ég á tæknisýningunni Agora í Laugardalshöll allan daginn við kynningu hjá fyrirtækinu Straumi. Á morgun ætla ég að vinna á Hróa hetti hér á Akranesi frá klukkan 12 til 8 um kvöldið. Svo er starfsmannapartý hjá Hróa um kvöldið og ég býst við því að við kíkjum á ball á Breiðinni á eftir með Landi og sonum. Á sunnudaginn stefni ég að því að sofa út og svo ætla ég að læra bæði þann dag og á mánudag.



Helga Thorberg.

Með snýtuclúta og hóstasaft

Ég þyrfti að komast til útlanda. En það er ekki útséð um hvort ég kemst. Það er Holland, land blómanna sem er fyrir stafni. Nú þarf blómakerling eins og ég að fara að næla sér í jóladót. Ef ég kemst ekki út býst ég við að vinna á laugardaginn eins og venjulega. Svo væri spurning hvort maður fleygði sér í leikhús um kvöldið. Það er þó ljóst að ég hef ekki bándann upp á arminn því hann er auðvitað að fara í rjúpu. Unglingurinn er lasinn svo ég get líka verið í hlutverki Florens Nightingale og snúist með snýtuclúta og hóstasaft.



Kristín Gestsdóttir.

Barátta við tölvuvírus

Ég fékk vírus í tölvuna mína og býst við að stór hluti helgarinnar fari í að fara í gegn um hana alla og bjarga því sem bjargað verður. Það er þó alveg ljóst að skadinn er talsverður. Svo er ég að læra eins og vanalega því ég er í fjarnámi í Kennaraháskólanum og þarf að standa skil á verkefni í aðferðafræði á mánudaginn. Verkefnaskilin eru nokkuð stöðug og það er ágætt því það heldur manni við efnið og verður til þess að maður les en safnar ekki upp vandamálum. Ég er heimavinnandi húsmóðir eins og er og bíð eftir að verða léttari eftir nokkrar vikur.

HVAÐ ER Á SEYÐI?**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ****TÓNLIST TÍBRÁ - TVÍLEIKUR**

Sunnudagskvöldið 15. október verða haldnir tvíleikstónleikar í Salnum í TÍBRÁ, tónleikaröð Kópavogs og hefjast þeir kl. 20:00. Það er tékkneska dúóið Ivan Zenaty, sem er heimsþekktur fíðuleikari og Jaromír Klepáč, mikilsvirtur píanóleikari sem flytja verk eftir Brahms, César Franck og Beethoven. Zenaty hefur leikið inn á fjölda geisladiska og kemur oft fram bæði í sjónvarpi og útvarpi. Hann hefur unnið til fjölda mikilsvirta verðlauna. Jaromír sem er hátt skrifaður kammertónlistarmaður vakti fyrst verulega athygli, þegar hann vann til verðlauna í Chopin píanókeppninni í Marienbad og skömmu síðar þriðju verðlaun í hinni alþjóðlegu ARD keppni í München og önnur verðlaun í Prix Martinu keppninni í París.

FÖSTUDAGSBÆÐINGUR Á GEYSI KAKÓBAR

Hljómsveitin Modhaus spilar í kvöld á Geysi Kakóbar í Hinu Húsinu v/Ingólfstorg. Húsið opnar klukkan 21:00 og lokar um 23:30. Björn skífupeytir verður á staðnum og hitar upp fyrir Modhaus. Modhaus spilar experimental rokk með fónkvafi. Þeir munu frumflytja fullt af nýju efni ásamt gömlu efni í nýjum búning. Þetta eru fyrstu tónleikar Modhaus á öldinni en þeir eru búnir að vera í frí og semja. Allar upplýsingar varðandi Modhaus er að fá í geim-gengill@hotmail.com. Það er frítt inn!!!!

Gaukur á Stöng

Þá er komið að því „djamtröllinn í „SPÚTNIK“ ætla að skemmta okkur og sjálfum sér í kvöld og fram eftir morgni. Laugardaginn 14. október. Alla leið frá Selfossi, hver ræður við sig er strákarnir í „O.F.L.“ stíga á svið. Sunnudaginn 15. október „Furstarnir ásamt Geir Ólafssyni“ þarf eitthvað að segja meira???

SÝNINGAR**Á mörkunum - Vitleysingarnir**

Nýtt leikrit eftir Ólaf Hauk Símonarson verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld kl. 20.00. Það segir frá vinnuþópi á aldrinum 30-35 ára sem er í hröðum dansi í kringum gullkálfinn með tilheyrandi uppákomum og vandamálum. Leikstjóri er Hilmar Jónsson.

Stúlkan í vitanum

Íslenska óperan frumsýnir í samstarfi við Tónmenntaskóla Reykjavíkur, sunnudaginn 15. október kl. 14:00, nýja óperu fyrir börn byggða á ævintýri Jónasar Hallgrímssonar. Söguviðið færir Böðvar Guðmundsson til samtímans en þungamiðja verksins er hin eilífa barátta góðs og ills. Tónlistin er eftir Þorkel Sigurbjörnsson sem jafnframt stjórnar kór og hljómsveit, sem skipuð er nemendum og kennurum Tónmenntaskólans. Leikstjóri er Hlín Agnarsdóttir.

cafe9.net

Fjölbreyttir viðburðir og tónleikahald hafa átt sér stað í cafe9.net í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi allt frá 1. september. Föstudagurinn 13. hefur af ýmsum verid litinn hornauga, en í cafe9.net verður þeirri bábilju gefið langt nef og blásið til tónleika og kvikmyndasýningar í boði Íslands-síma. Viðburðurinn verður sendur út á síðunni www.cafe9.net.

Móðirin í Mír

Móðirin, klassísk kvikmynd frá árinu 1926 verður sýnd í bíósal Mír, Vatnastíg 10 sunnudaginn 15. október. Þetta er eitt af frægustu verkum kvikmyndasögunnar og leikstjóri er Vsevolod Púdovkin. Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu eftir Maxim Gorki en þó farið frjállega með. Ensukur texti er með myndinni. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Kaffileikhúsið

*Háaloft - einleikur um konu með geðhvarfasýki eftir Völu Þórsdóttur. Fimmta sýning í kvöld kl. 21.00. Áhorfendur eyða kvöldstund með Karítas þar sem hún fjallar á hispurlausan hátt um sjúkdóm sinn, lyfjatöku, stöðu sína innan samfélagsins, drauma og plön. Hún ferðast í tíma og rúmi á þeirri klukkustund sem verkið tekur, upp á háloft, upp í háaloft og alla leið niður í kjallara. Þetta er svo sannarlega svört kómedía.

*Tófta sýning á hinum stórskemmtilega barnaeinleik Stormi og Ormi sem hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda verður laugardaginn 14. október kl. 15.00.

*Laugardagskvöldið kl. 22.00 verður Rússíbanaball - dansleikur þar sem hljómsveitin Rússíbanarnir leikur fyrir dansi.

*Skemmtikvöld fyrir sækera verður sunnudagskvöldið 15. október kl. 19.30 í tilefni af útkomu matreiðslubókarinnar Hratt og bítdani eftir Jóhönnu Sveinsdóttur. Fram-

reidd verður fimm rétta máltíð þar sem allir réttir eru gerðir eftir uppskriftum úr bókinni sem kemur út í dag föstudaginn 13. október. Auk þess verður fluttur einþáttungurinn Quasi una fantasia - fyrir karl, konu, píanóleikara og Færeying (má vera uppstoppaður). Flytjendur eru Þróstur Leó Gunnarsson og Arnás Egilsdóttir þá syngur Álfheiður Hanna Friðriksdóttir tvö ljóð eftir Jóhönnu við lög Eriks Mogensen, Oddný Sturludóttir leikur á píanó og Vilhjálmur Goði Friðriksson verður með kokka uppistand. Listileg og afar lystaukandi dagskrá. Leikstjóri dagskrárinnar er Sigrún Valbergisdóttir.

OG SVO HITT...**Hugsanir eru mínar gleðikonur**

Í kvöld kl. 20.00 flytur Friðrik Rafnsson fyrirlestur í Alliance Francaise, Austurstræti 3, um eitt þekktasta verk 18. aldar í Frakklandi, „Frænda Rameaus“ eftir Denis Diderot (1713-1784) sem kom út í flokki Lærdómsrita hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi s.l. vor í þýðingu hans. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina „Hugsanir eru mínar gleðikonur“ og þar mun verða leitast við að skýra hvers vegna þessi höfundur og hugsuður virðist njóta sífellt meiri hylli, jafnvel svo að nýverið spáði franskt bókmenntatímarit því að mjög yðri sótt í verk hans á 21. öldinni. Auk þess verður reynt að tengja Diderot og „Frænda Rameaus“ við íslenska sagnahéð og áhugasvið, einkum þó hinn sigilda áhuga Íslendinga á sögum af sérvitringum og einkennilegum mönnum.

Dagskrá um Osborne

Dagskrá um breska leikskáldið John Osborne og leikrit hans, *Horðu reidur* um öxl verður í Listaklúbbi Leikhússkallarans mánudagskvöldið 16. nóvember. Fjallað verður um leikritið og sýningu Þjóðleikhússins og leikin verða brot úr sýningunni. Dagskráin hefst kl. 20.30 og húsið opnar kl. 19.30.

HEILSA OG HEILBRIGÐI 2000.

Ráðstefna, vöru og þjónustukynning HEILSA OG HEILBRIGÐI 2000 verður haldin í Fjölbautaskólanum við Ármúla dagana 14. og 15. október. Ráðstefnan er haldin í tengslum við fyrsta aðalfund nýstofnaðra Norræna samtaka sem fékk nafnið Nordisk Samarbejds Komite for ikke-Konventionell terapi (NSK). Samtökin nefnast á íslensku, Norrænt samstarf um óhefðbundnar meðferðir. Þessa